

- 22 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Mortens Hansens“,
8. febr. útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 8. febr. 1950.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Mortens Hansens.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af samverkamönnum og nokkrum nemendum Mortens Hansens skólastjóra eftir fráfall hans. Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Mortens Hansens.

2. gr.

Eign sjóðsins er nú kr. 5800.23 og er geymd í sparisjóðsbók nr. 22571 í Landsbanka Íslands. Skal fé þetta jafnan ávaxtað á tryggilegan hátt.

3. gr.

Hlutverk sjóðsins er að styrkja efnilega nemendur Miðbæjarskólans til framhaldsnáms. Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 10000.00, skal vöxtum hans varið annað hvert ár í þessu skyni. Styrkinn skal hljóta nemandi í öðrum hvorum efstu bekkja Menntaskólans í Reykjavík, enda hafi hann áður sótt Miðbæjarskólann (eða skóla, sem tæki við af honum) 2 skólaár hið minnsta. Eftir að höfuðstóll er orðinn 20 þús. kr. getur sjóðstjórnin ákveðið að fleiri skuli hljóta styrki.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa skólastjóri Miðbæjarskólans, formaður fræðsluráðs Reykjavíkur og rektor Menntaskólans í Reykjavík. Skulu þeir annast vörzlu sjóðsins, sjá um að ávaxta hann og enn fremur hafa á hendi úthlutun úr honum. Stjórnin skal halda gerðabók, sem hún löggildir, og skrá í hana samþykktir sínar varðandi ávöxtun sjóðsins, úthlutun og annað, er máli skiptir.

5. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar hans skulu færðir í gerðabók hans og endurskoðaðir af endurskoðendum Reykjavíkurbæjar.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.